

## Fundargerð

19. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 11. janúar 2022 á Teams.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 18. samþykkt. Staðfestar rafrænar ákvarðanir; úthlutanir úr afrekssjóð, fjárhagsáætlun 2022, viðurkenningar á uppskeruhátíð, frjálsíþróttakarli- og kona 2021, frestun MÍ 15-22 ára jan. 22.

### 2. Fjármál

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir áætlunum 2022 og einnig yfirferð á fjármálum 2021. Einnig rætt um afrekssjóð og tekjustreymi frá afrekssjóð ÍSÍ sbr. fundarboð. Farið yfir samskipti innan og utan hreyfingarinnar. Ákveðið að fylgja eftir málum er tengjast afrekssjóðnum. Þá var rætt um viðurkenningarhátíðir sl. vikur og árangur frjálsíþróttafólks.

### 3. Tæknimál

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir að mikil vinna hefði verið sett í að þróa nýjar lausnir er varðar hugbúnað fyrir hreyfinguna. Rætt við erlenda samstarfsaðila til að meta lausnir. Markmiðið að fá betri og öruggari rekstrarlausnir en nú eru til staðar um leið og minnst er á það mikilvægi sem núverandi tækniumhverfi hefur skapað.

### 4. Íslandsmet

Framkvæmdastj. leggur fram lista yfir Íslandsmet. Stjórn staðfestir Íslandsmet skv. 16. gr. laga FRÍ.

### 5. Mótahald í Covid

Farið yfir aðstæður og sóttvarnarreglna. Öllum mikil áskorun að standa fyrir mótum.

### 6. ÍF og málefni fatlaðra

Formaður segir frá breytingum í samstarfi við ÍF. Formanni veittur kraftur til frekari vinnslu.

### 7. Ársþing FRÍ 2022

Ársþing FRÍ 2022, Selfossi 25.3 - 26.3.22. Umf. Selfoss undirbýr þingið með FRÍ. Starfshópi innan FRÍ falið að setja allt á fulla ferð m.t.t. laga FRÍ. Formaður hvetur til rýni á lögum og reglugerðum.

### 8. Önnur mál

- Rafræn uppskeruhátíð. Þakkir til starfsmanna skrifstofu um leið og öllum sem fengu viðurkenningu er óskað til hamingju.
- Opinn rafrænn formannafundur. Gert grein fyrir fundinum í lok nóvember sem var fjölsóttur.
- Þjóðarleikvangur. Gert grein fyrir erindi mennta- og barnamálaráðherra til Reykjavíkurborgar.
- 75 ára afmælið. Gert grein fyrir myndasöfnun og ýmsum öðrum þáttum s.s. afmælistóti.
- FRÍ og ÍBR. Fundur um götuhlaup. Verkefnastjóri gerði grein fyrir takmörkunum.
- Ritari gerði grein fyrir því að hann myndi ekki sækjast eftir endurkjöri á ársþingi FRÍ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:03 með því að fundarmenn sungu afmælistönginn fyrir meistaran Öbbu sem bauð öllum í sumarföstudagskaffi í kjölfarið.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.